

Alþingi
Erindi nr. P 139/1066
komudagur 12.12.2010
Samtök eigenda sjávarjarða.
Pósthólf 90,
780 Hornafirði.

Alþingi nefndasvið, 101 Reykjavík.

28 . desember 2010.

Skilgreining á netlögum sjávarjarða.

Vísað er í bréf til Alþingis, dags. 13. desember 2010 með upplýsingum um eignarréttindi sjávarjarða.

Liður 1 í frumvarpinu er svona:

„*Eignarland*: Landsvæði, þ.m.t. innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjulega eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma“.

Stjórn Samtaka eigenda sjávarjarða lítur svo á að liður 1 skuli vera svona:

„*Eignarland*: Svæði, þ.m.t. innan netlaga í sjó og stöðuvötnum, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjulega eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um“.

Liður 5 í frumvarpinu er svona:

Netlög: Sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.

Stjórn Samtaka eigenda sjávarjarða lítur svo á að liður 5 skuli vera:

Netlög: Hafsvæði og sjávarbotn 115 m út frá stórstraumsfjörumáli landareignar eða 115 m út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að. Einnig er í gildi í lögum viðmiðun við dýpi þannig að netlög út frá stórstraumsfjörumáli eru að 7,45 m dýpi. Netlög fylgja einnig eyjum, hólum og skerjum í sjó og stöðuvötnum.

Virðingarfyllt,

f.h Samtaka eigenda sjávarjarða (heimasíða: www.ses.is).

Ómar Antonsson, formaður,

omar@litlahorn.is

Dæmi um skilgreiningu í lögum og í Lögbókin þín á netlögum miðað við fjarlægð frá stórstraumsfjöruborði.

Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda

■3. gr. *Skilgreiningar.*

□Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu er hér greinir:

12. *Netlög: Sjávarbelti 115 m frá stórstraumsfjöruborði.*

Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum

I. kafli. Orðskýringar.

■1. gr. Í lögum þessum merkir:

Netlög: hafsvæði 115 m út frá stórstraumsfjörumáli landareignar eða 115 m út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að. Netlög fylgja einnig eyjum, hölmum og skerjum í sjó og stöðuvötnum.

Lögbókin þín. Höfundur Björn Þ. Guðmundsson, prófessor í lögum við Háskóla Íslands. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf. –1989.

Netlög

Netlög nefnist ákveðið beltí meðfram landi í sjó og vötnum sem tiltekin eignarréttindi eru bundin við. Netlög eru talin falla undir eignarrétt eiganda → *landareignar*.

Greint er milli netlaga landareignar eftir því hvort hún liggur að stöðuvatni eða sjó.

- 1) *Stöðuvatn*
- 2) *Sjór.* Netlög landareignar sem liggur að sjó teljast 60 faðmar mælt út frá stórstraumsfjörumáli, sbr. 3. gr. *veiðitilsk.* 20. júní 1849 og 2. gr. l. 39/1914 um *beitutekju*, eða 115 metra, sbr. 4. gr. l. 33/1966 um *fuglaveiðar og fuglafriðun*. Netlög fylgja eyjum og hölmum jafnt sem fastalandi. *Eignaréttur* 1982-83:36.